

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 28. nóvember kl. 16:00 var haldinn 146. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstöð voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Guðfinna J. Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Eyrún Magnúsdóttir frá ungmennaráði, Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

- 1) Heilsueflandi samfélag. Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis kynnir lýðheilsuvísa eftir hverfum.
- Kl. 16:36 vikur Dóra Guðrún af fundi.
- 2) Hverfisráð og þjónustumiðstöðvar. Úttekt innri endurskoðunar dags. 24. okt. 2016 lögð fram og rædd. Umsögn ráðsins á að skila fyrir 15. desember. Formanni falið að fá frest til 19. desember til að skila inn umsögn. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.
- 3) Aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðarbyggð. Lögð fram verklýsing umhverfs- og skipulagssviðs, bréf dags. 8. nóvember til umsagnar ráðsins. Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við erindið.
- 4) Hverfissjóður. Heildarupphæð ársins til úthlutunar er kr. 500.000. Áður úthlutað kr. 340.000. Ein umsókn hefur borist vegna seinni úthlutunar frá Íbúasamtökum Laugardals. Greinargerðir vegna fyrri úthlutana liggja fyrir. Ákveðið að veita ÍL kr. 160.000.
- 5) Mitt hverf 2016. Kosningu lauk 17. nóvember. Niðurstaðan: 15 verkefni af 20 komast í framkvæmd og 10.70% þátttaka í Laugardal.
- 6) Fram fer umræða um leyfisveitingar vegna tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice 2017.

Eftirfarandi bókun hverfisráðs samþykkt:

Hverfisráð óskar eftir að fá send öll gögn sem lágu til grundvallar samþykki borgarráðs, 1. október 2015, fyrir 5 ára leyfi fyrir tónlistarhátíðinni Secret Solstice. Framkvæmdastjóra falið að boða fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs á næsta fund hverfisráðsins sem haldinn verður 19. desember nk.

- Kl. 17:50 vikur Eyrún Magnúsdóttir af fundi.
- 7) Fram fer umræða um nágrannavörslu í hverfum borgarinnar.

Fundi slitið kl. 18.10

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)
Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Elín Engilbertsdóttir (Sign)